

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 13. febrúar 2015

Efni: Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Hvammsvirkjun), 244. mál og breytingartillaga meirihluta atvinnuveganefndar og frávísunartillaga minnihluta atvinnuveganefndar þar við.

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands (NSS) gagnrýnir harðlega breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar um að færa eftirtaldar virkjanahugmyndir úr biðflokki í nýtingarflokk; Hagavatnsvirkjun, Skrokkölduvirkjun og virkjanir í neðri Þjórsá, Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Stjórn NSS ítrekar jafnframt fyrri athugasemdir sínar um 244. mál. Stjórn samtakanna tekur undir frávísunartillögu minnihlutans og telur farsælast að fallið verði frá þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 244. máli í heild. Einungis þannig verði unnt að nálgast sáttir.

Náttúruverndarsamtök Suðurlands vilja enn fremur, sem aðildafélag í Landvernd, taka undir umsögn hennar við téðar tillögur, dags. 13. febrúar 2015, um lagaleg rök og umfjöllun um einstakar virkjanahugmyndir.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd stjórnar NSS,
Anna Sigríður Valdimarsdóttir,
formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands.